

Fyrirspurn

til forsætisráðherra um áhrif atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni.

Frá Ragnheiði Hákonardóttur.

1. Hvernig var staðið að könnun á vegum forsætisráðuneytisins á áhrifum atvinnu- og þjóðfélagsbreytinga á stöðu kvenna á landsbyggðinni, sbr. lið 1.3 í þingsályktun um framkvæmdaáætlun til fjögurra ára um aðgerðir til að ná fram jafnrétti kynjanna sem samþykkt var á Alþingi 28. maí 1998?
2. Hverjar voru meginniðurstöður þeirrar könnunar?
3. Hvernig hefur verið unnið að því að hrinda þeim í framkvæmd?

Skriflegt svar óskast.